



Alþingis- nefndarsvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2014

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, hælismál).**

Samtök kvenna af erlendum uppruna (héreftir: Samtökin) hafa borist bréf allsherjanefndar Alþingis, dags. 17. janúar 2014, þar sem óskað er eftir að Samtökin veita umsögn á þingskjali 457 — 249. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, hælismál) sem lagt er fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.

Samtökin fagna framlagningu frumvarpsins og telja að það sé til bóta fyrir réttarstöðu útlendinga sem koma hingað til lands. Það er sérstaklega ánægulegt að sjá fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum útlendingalaga um hælismál og telja Samtökin að umræddar breytingar mun auka réttaröryggi hælisleitenda gagnvart stjórnvöldum til muna.

Það er afar ánægilegt að sjá einstaka greinar endurspegla ýmis grunnsjónarmið sem nauðsynleg eru til að tryggja mannréttindi. Til að mynda er 6. gr. laganna sem tekur mið af því sem barni sé fyrir bestu sem rekja rætur sínar til Barnasáttmálans og ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einstaklings til einkalífs og fjölskyldu.

Enn fremur telja Samtökin ánægilegt að sérstök kærunefnd verður sett á fót til að annast kæru vegna hælismála.

Þrátt fyrir stuðning Samtakanna við frumvarp þetta vilja þau koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- *11. gr. laganna um 48 klst. Reglu*

Óvissa hefur lengi verið helsti galli við málsmeðferð hælisleitenda hér á landi enda getur bið eftir slíkri hælis meðferð tafist um mjög langan tíma. Eins og skýrt hefur verið í athugasemdum með frumvarpinu er tilgangur með ákvæðinu sá, „að tryggja skjótari framkvæmd ákvarðana þegar svo háttar að hælisumsókn er metin bersýnilega tilhæfisláus“. Á hinn bóginn segir ákvæðið ekkert um



hversu lengi þurfa hælisleitenda að biða þar til ákvörðunin verði tekin. Eingöngu er gert ráð fyrir framkvæmd í kjölfar birtingu ákvörðunnar.

Lesið megi af ákvæðinu að fólk er kemur frá hinu svokallaða „öruggt þriðja ríki“ munu sjálfkrafa ekki teljast umsækjendur sem þurfa á alþjóðavernd að halda og mun þar af leiðandi fá skjótari úrlausn. Sökum þess eru þessir umsækjendur mun líklegri til að óska eftir frestun réttaráhrifa á grundvelli 48 klst. reglu. Samtökin hafa áhyggjur af því að ákvæðin gera það mjög auðvelt fyrir stjórnvöld að ganga á rétt þessara einstaklinga með vísan til einhvers almenn sjónarmið þ.e.a.s. að umsækjandinn sé frá „öruggt þriðja ríki“ og umsók þeirra munu af þeirri ástæðu ekki fá viðeigandi meðferð. Vert er að minnast á að hælismeðferð er einstaklingsbundin og því er óheimilt að við úrlausn mála sé stutt eingöngu við „almenn sjónarmið“ þegar ákveðið er hvort viðkomandi þurfa á alþjóða vernd að halda eða ekki. Þótt viðkomandi sé frá „öruggt þriðja ríki“ getur hans personubundnu aðstæður sem og almennt ástand þar í viðkomandi ríki gerir það að verkum að það sé ekki öruggt í hans tilfalli. Því ber að telja að það sé mjög hættulegt ef að allir frá „öruggt þriðja ríki“ munu fá etv. „færribanda meðferð“ eða „*blanket asylum procedure*“ á grundvelli 48klst. reglunnar. Í dómi *mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 2283/12- Mohammed gegn Austurríki – birt 6. júní 2013*

Segir dómurinn eftirfarandi:

in order to determine whether there is a real risk of ill-treatment in the present case, the Court must examine the foreseeable consequences of sending the applicant to Hungary, **bearing in mind the general situation there and his personal circumstances** [...]. It will do so by assessing the issue in the light of all material placed before it, or, if necessary, obtained *proprio motu* [...].(para.95)

Samtökin telja að nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæðið með tilliti til þess hvort sé í raun að afnema rétt hælisleitenda sem teljast vera frá „öruggt þriðja ríki“ til að fá einstaklingsbundið mat á hælisumsókn sína án þess að tekið sé tillit til allra aðstæðna.

Í örðu lagi, gerir ákvæðið ráð fyrir að einstaklingar óska eftir frestun réttaráhrifa skal gera það innan sex klukkustunda frá birtingu ákvörðunar og hefur nefndin að jafnaði tvo virka daga frá móttöku beiðni til að taka afstöðu til hennar.

- a. kærunefndar- Ekki getur séð hvaða þýðingu niðurstaða kærunefndar getur haft fyrir kæranda, enda mun nefndin án efa meta hvort skuli taka beiðni um frestun réttaráhrifa til skoðunar með tilliti til sömu grunnsjónarmiða og Útlendingastofnun byggði sína niðurstöðu á þ.e.a.s. að umsækjandi þurfa ekki á vernda að halda þar sem hann kemur frá „öruggt þriðja ríki“. Eins og fyrr er rakið eru umsækjendur sem koma frá hinu svokallaða „öruggt þriðja ríki“ líklegir til að enda í þessu ferli. Hins vegar þar sem almenn sjónarmið hafa verið lagt til grundvallar ákvörðunnar Útlendingastofnunar samkvæmt fyrirmælum laga, gera megi ráð fyrir því að sömu sjónarmið munu ráða úrslitum mála fyrir kærunefnd. Ekki getur séð að



hlutverk kærunevndar að þessu leyti hafi raunverulega þýðingu fyrir kæranda þegar svona stendur á. Að þessu virtu áréttu Samtökin að það sé ákveðin hættu fólgin í því að ákvæðið mæla eingöngu með að almennum sjónarmiðum verði lagt til grundvallar við mat á hælisumsókn sem koma til með að sæta flýtimeðferð fyrir kærunevnd.

Fyrir hönd Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi,

A handwritten signature in blue ink that reads "Anna Katarzyna Wozniczka". The signature is fluid and cursive.

Anna Katarzyna Wozniczka

Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi